

Í fótspor þín

Jane Austen, sjálfshjálparrit og menningartúrismi

Þegar Lori Smith var þrjátíu og þrígga ára gömul sagði hún upp ófullnægjandi starfi í Bandaríkjunum og tókst á við þunglyndið sem smám saman hafði náð tökum á henni með því að halda í mánaðarlangt ferðalag til Englands á slóðir Jane Austen, á staði sem skáldkonan heimsótti sjálf eða sem koma fyrir í kvikmyndum sem gerðar hafa verið eftir skáldsögum hennar. Smith skrifar um ferðalag sitt í bókinni *A Walk with Jane Austen*¹ sem er tilraun til þess finna tilgang með tilverunni með því að horfa til Austen og gera hana að fyrirmynd í lífi sínu. Smith heldur út á veginn í von um að ferðalagið hjálpi henni að endurheimta sambandið við guð og samfélagið sem hún er hluti af.

Í *A Walk with Jane Austen* er lögð áhersla á kvenleg gildi, en kvenlegar þroskasögur hverfast um samskipti og samstöðu, fremur en aðskilnað og einstaklingseðli. Sjálfsleit Smith felst líka öðrum þræði í því að styrkja tengslin við Austen, sem er stór hluti af lífi hennar. Smith leitar hins ljóðræna á stöðum sem hafa ríka merkingu í huga hennar og upplifunin eykur skilninginn á því sem skiptir hana máli í lífinu. Smith horfir til bresku skáldkonunnar í leit að svörum við stórum sem smáum spurningum tilverunnar, rétt eins og Austen sé hofgyðja eða æðsti prestur í sértrúarsöfnuði. Væntingar Smith til ferðarinnar felast ekki síst í því að Austen geti á einhvern hátt hjálpað henni í þeirri tilvistarkreppu sem hún glímir við, að nálægð hennar við Austen muni hjálpa henni að skilja sitt eigið líf. Á myrkustu stundu lífs hennar renna gæska og náð guðs saman við mikilvægi Jane Austen í lífi Smith.

Miðlunarvald Austen birtist í fjölmörgum sögum samtímans, í skáldsögum, sjálfshjálparbókum, vegasögum og ýmsum handbókum. Í sögunum sem hér eru ræddar birtist sá skilningur á Austen að hún hafi hæfileika hennar til þess að leiða einstaklinga saman og vekja þá til vitundar um allt það sem skiptir máli í lífinu, gildi hins einfalda lífs, vináttu, ástar og trúar.

Jane Austen sem kennimóðir og verndardýrlingur

Rétt eins og hjá bandaríska bókmenntafræðingnum William Deresiewicz, sem er upptekinn af því að ræða Austen sem fyrirmynd lífs síns í *A Jane Austen Education*,² liggja þræðirnir í frásögn Smith í ýmsar áttir, tengslin við sjálfshjálparmenninguna eru glögg til staðar en einnig eldri fyrirmyndir úr trúarbókmenntum. Deresiewicz leggur áherslu á ummyndun sjálfsins í anda *Játninga* heilags Ágústínusar en saga Smith á hins vegar meira skylt við ferðasögur kristinna pílagríma sem vaxa í trú sinni er þeir halda út á veginn í leit að ríkara

¹ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen: A Journey into Adventure, Love & Faith*, Colorado: WaterBrook Press, 2007.

² William Deresiewicz, *A Jane Austen Education: How Six Novels Taught Me about Love, Friendship and the Things That Really Matter*, New York: The Penguin Press, 2011.

samhengi og reyna að glæða líf sitt nýjum tilgangi. „Stígðu inn í líf náðar“³ segir í auglýsinga-texta á bakhlið bókarkápuunnar en líf með Guði er eitt af meginviðfangsefnum sögunnar.⁴ Slíkar vegferðarsögur eru býsna algengar í vestrænum bókmenntum. Sumar eru stangtrúarlegar, eins og *Guðdómlegi gleðileikurinn* eftir Dante og *För pílagrímsins frá þessum heimi til hins ókomna* eftir John Bunyan. Önnur nærtæk fyrirmynd væri *Breytni eftir Kristi (De Imitatione Christi, 1418–1427)* eftir Tómas frá Kempis.⁵ Aðrar eru af veraldlegri toga eins og *Ódysseisfarið* Homers, *Eneasarkviða* Virgils, *Álfadrottning* Spencers, *Don Kíkóti* Cervantesar, *Ferðir Gúllívers* eftir Jonathan Swift og *Ódysseifur* eftir James Joyce, svo að stiklað sé aðeins á því stærsta í bókmenntasögu síðustu árþúsunda.⁶

Bandaríski bókmenntafræðingurinn William Deresiewicz lítur á Austen sem einn af hinum miklu lærimeisturum og ber hana saman við Sókrates og Krist.⁷ Í *A Jane Austen Education* leitast Deresiewicz við að uppfærða lesendur sína um allt það sem hann lærði af lestri skáldsagna Austen en undirtitill bókarinnar undirstrikar þann siðferðilega lærdóm sem lesendur geta dregið af verkum hennar: „Hvernig sex skáldsögur kenndu mér um ást, vináttu og allt sem skiptir raunverulega máli“. Deresiewicz lýsir lestrinum sem nokkurs konar ferðalagi sem byrjar á því að hann er hrokafullur, yfirlýsingaglaður, talar niður til fólks og á erfitt með að mynda náin tilfinningasambönd. Með lestrinum á Austen öðlast hann aukinn skilning á sjálfum sér og öðru fólki sem leiðir að lokum til þess að hann finnur ástina.

Kennivaldið sem býr í skrifum Austen er talsvert að mati Deresiewicz. Smágerður heimur hennar, sem hún lýsti sjálf sem hárfinum pensilstrokum á filabein,⁸ er að hans mati skynvilla eða blekking (e. *illusion*). Stórbrotinn sannleika Austen má greina í fábrotnum umbúðum sem fela djúpstæða hugsun hennar og visku. Austen minnir Deresiewicz á Sókrates og Jesú Krist. Sá síðarnefndi talaði í dæmisögum vegna þess að hann vissi að framandgervingin sem bjó í orðum hans myndi reyna á lærisveinana og af þeim sökum yrðu þeir að leggja betur við hlustir.⁹ Sannleikurinn í orðum hans yrði aðeins fangaður með tilgangsríkri fyrirhöfn.

³ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, texti á baki bókarkápu: „Step into a Life of Grace“. Allar þýðingar eru mínar nema annars sé getið.

⁴ Það er forvitnilegt að engin af spurningunum tíu sem finna má aftast í bókinni og beint er til leshringja (Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, „Readers Group Guide“, bls. 233–234) snýst um hinn trúarlega þátt sem þó er svo miðlægur í ferðafrásögninni, heldur beinast þær allar að tengslum Lori Smith og Jane Austen. Það er helst sjöunda spurningin sem vísar til handanlífsins en þá út frá hugmyndum Austen. Af þessu má ráða að bókinni sé fremur beint að Jane-istum en þeim fjölmörgu trúartengdu leshringjum sem finna má í Bandaríkjunum.

⁵ Bókin kom fyrst út á íslensku á Hólum 1676 í þýðingu Þorkels Arngrímssonar (1629–1677).

⁶ Ágætisfirlit um tengsl sjálfleitar og vegfrásagna í nútímanum má finna í grein Guðna Elíssonar, „Við sumarlangan veginn: *Hjartastaður* og vegfrásagnir“ í bók minni og Guðna, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 89–111.

⁷ William Deresiewicz, *A Jane Austen Education*, bls. 15.

⁸ Sjá bréf Jane Austen til frænda síns James Edward Austen, 16. til 17. desember 1816. James Edvard hafði týnt köflum úr skáldsögu sem hann var að vinna að og Jane sver af sér allar sakir um þjófnað í kostulegri og eftirminnilegri lýsingu þar sem hún ber saman karlmannlegan ritstíl samtíðarinnar og finlega hugsun sína: „What should I do with your strong, manly, spirited Sketches, full of Variety & Glow?—How could I possibly join them on to the little bit (two Inches wide) of Ivory on which I work with so fine a Brush, as produces little effect after much labour?“ (Sjá *Jane Austen's Letters*, ný útg., ritstj. Deirdre Le Faye, Oxford: Oxford University Press, 1995, bls. 323.) Þessi myndlíking er m.a. viðfangsefnið í bók Richards Jenkyns, *A Fine Brush on Ivory: An Appreciation of Jane Austen*, New York, Oxford: Oxford University Press, 2004.

⁹ Viktor Shklovskij var einn merkasti boðberi formalismans í Rússlandi. Megináhersla formalista var að rannsaka sérkenni skáldskaparlegs tungumáls, þau atriði sem aðgreini það frá venjubundnu máli. Hvað er hið bókmenntalega eða *bókmenntaleiki* (r. *literaturnost*), hvað er það sem gerir verk að skáldverki? Það er einmitt þetta sem er meginviðfangsefni Shklovskíj í „Listinni sem tækni“ (1917), þar sem hann skoðar hvernig tungumálinu er beitt innan einstakra bókmenntaverka. Skynjun sem er orðin að vana er með öðrum orðum ósjálfráð, venjan deyfir móttökuna og smækkar hlutinn niður í formúlu. Áhrifin af hlutum dofna og hann þornar upp. Skáldskapnum er ætlað að vinna gegn vélrænu eða sjálfvirkni í hugsun, vekja okkur til vitundar, rífa okkur út úr hlekkjum hins dæmigerða, dæða venjunnar. Listin færir hlutinn af sviði vélrænnar, áreynslulausrar skynjunar. Framandgerving felst í því að horfa á hlutinn eins og við séum að sjá hann í fyrsta skipti og þannig lærum eitthvað nýtt, nýja hugsun, og verðum meðvitaðri um umhverfi okkar. Sjá Viktor Shklovskij „Listin sem tækni“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá*

Hið sama má að mati Deresiewicz segja um Sókrates, læriföður Platóns, sem kenndi í fábrotnum sögum, en að baki frásögninni bjó ætíð háleit merking.¹⁰ Að sama skapi er heimurinn sem Austen lýsir smár en hann er samt ekki smámynd af heiminum. Austen er kennimóðir Deresiewicz og henni kýs hann að fylgja í stóru sem smáu, og bækur hennar eru sú leiðarhnoða sem hann fylgir.

Rétt eins og var með Deresiewicz, beinir Austen augum Lori Smith að hinu smáa, verk hennar tekur ekki síður að snúast um fordæmi Austen, en skáldkonan hjálpar henni að fóta sig í trúnni og finna hamingjuna í hinu hversdagslega. En *A Walk with Jane Austen* á einnig rætur í sjálfshjálparmenningunni sem hverfist um skrif Austen því að Austen verður að kennslukonu þeirri sem fjölmargir sjálfshjálparhöfundar hafa sem fyrirmynd þegar þeir vilja læra eitthvað um ástina, heilindi, vinskap og fjölskyldulíf, um raunveruleg gildi velgengni og frægðar, eða bara um gleðina og hláturinn.¹¹ Þessi tenging ferðasögu Smith við sjálfsleit og sjálfsrækt sést glögg þegar horft er til fyrstu bókar hennar, *The Single Truth*, sem er kristileg sjálfshjálparbók fyrir einhleypa.¹²

Smith snýr aftur til sjálfshjálpargreinarinnar í nýjustu bók sinni, *The Jane Austen Guide to Life*, en í henni horfir hún fremur til Austen en guðs kristinnar en þó alltaf þannig að Austen er fyrst og fremst kristin fyrirmynd.¹³ Að mati Smith kennir Austen okkur hvernig hægt sé að miðla vinsemd með orðum. Samræður krefjast þess að við hlustum og setjum okkur hvert í annars spor; þær krefjast þess að við stígum út fyrir okkur sjálf í augnablik og beinum athyglinni að gleði eða sársauka annarra.¹⁴ Þetta veit Anne Elliot, kvenhetjan í *Persuasion*, síðustu skáldsögunni sem Austen náði að ljúka. Anne kennir okkur einnig að læra að meta fólk vegna persónuleika þess en ekki út frá samfélagslegri stöðu.¹⁵

Lori Smith sér kristilegan kærleika endurspeglast í verkum Austen og fullyrðir að kristin trú skáldkonunnar hafi mótaði hana og hjálpað sér að skilja að hægt sé að umbreyta göllum sínum.¹⁶ Austen reyndi stöðugt að rækta sinn innsta kjarna, hún var skynsöm og rómantískt ímyndunarafl hennar leiddi hana ekki í ógöngur. Þetta þýddi ekki að hún væri fullkomin, því að hnyttni hennar gat verið grimm, en hún reyndi alltaf að bæta sig. Í heimi þar sem ríkidæmi og þjóðfélagsstaða geta tekið yfir líf manns, „hafði Austen áhuga á hlutum sem skiptu raunverulega máli: hún vildi vera tillitssöm, heiðarleg, vinsamleg og vitur.“¹⁷ Grunnurinn að farsælu lífi felst því í að læra að þekkja sjálfan sig og sjálfsskilningurinn vex þegar rætur hans liggja í kristnu siðferði og trú. Í þessu hefur Lori Smith leitast við að breyta í anda Austen sem verður að leiðsögumanni hennar um trúarleg efni, eins og sést svo vel í köflunum „Þekktu sjálfa þig“ og „Finndu þinn innri leiðsögumann“.¹⁸

Sbklonskji til Foucault, Árni Bergmann þýddi úr rússnesku, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 21–42.

¹⁰ William Deresiewicz, *A Jane Austen Education*, bls. 15.

¹¹ Sjá t.d. Lauren Henderson, *Jane Austen's Guide to Dating*, New York: Hyperon, 2005; Patrice Hannon, *Dear Jane Austen: A Heroine's Guide to Life and Love*, New York: A Plume Book, 2005; og Elizabeth Kantor, *The Jane Austen Guide to Happily Ever After*, Washington, DC: Regnery Publishing Inc., 2012.

¹² Lori Smith, *The Single Truth*, Shippensburg, PA: Destiny Image Publishers, 2002.

¹³ Lori Smith, *The Jane Austen Guide to Life: Thoughtful Lessons for the Modern Woman*, Guilford, Connecticut: Skirt!, 2012.

¹⁴ Sama rit, bls. 33: „Austen teaches us that conversation is essentially kindness put into words. It requires listening and compassion, requires that we step out of ourselves for a moment and pull our attention away from our own pain or joy in order to partake in the lives of those around us.“

¹⁵ Sama rit, bls. 24. Smith leggur sérstakan kafla í bók sinni *The Jane Austen Guide to Life* undir þessar vangaveltur „Value people for their character, regardless of how society labels them“ (sjá bls. 24–28).

¹⁶ Sama rit, bls. 19: „Her Christian faith helped to form her and gave her the hope of grace, helping her understand that faults could be forgiven and changed.“

¹⁷ Sama rit, bls. 20: „Austen was concerned with being substantive: thoughtful, honest, kind, wise.“

¹⁸ Sama rit, bls. 33–36 og 199–200: „Know yourself“ og „Find your inner guide“.

Austen tekur nánast stöðu verndardýrlings í huga Lori Smith, þótt hún sé um margt veraldlegri en kaþólsku fyrirmyndirnar. Í umsögn um *The Jane Austen Guide to Life* á bakhlið bókarkápuunnar áréttar Laurel Ann Nattress, sem sjálf hefur skrifað Austen-tengdar bækur, þessi sannindi en hún segir: „Jane Austen hefur verið lífsstílsþjálfarinn minn í þrjátíu ár, eða allt frá því að ég uppgötvaði *Hroka og bleypidóma* í fyrsta skipti. Eftir lesturinn á hinni yndislegu bók Lori Smith *The Jane Austen Guide to Life* skil ég hvers vegna.“¹⁹

Pílagrímar og bókmenntir

Í sjálfshjálparbókinni *Miss Jane Austen's Guide to Modern Life's Dilemmas* eftir Rebeccu Smith snýst síðasti kaflinn um frístundir og ferðalög þar sem lesandanum gefst tækifæri til þess að njóta leiðsagnar skáldkonunnar og það þó að heimur hennar hafi verið býsna smár í samanburði við heimshornaflakkara tuttugustu og fyrstu aldar og ferðamátarnir ólíkir, frá erfiðum ferðalögum í hestvögnum átjándu og nítjándu aldar til þæginda þotualdar.²⁰ Þó svo að Smith leggi ekki áherslu á að ferðalangar samtímans haldi á slóðir skáldkonunnar, eru ferðalög hennar innan Hampshire og til Lundúna, Bath, Southampton, Sidmouth, Lyme Regis og fleiri staða í fyrirrúmi. Smith leitar í skáldsögur Austen og bréf til að gefa nútímafólki ýmis ráð eins og hvort það eigi að velja borgarferð í stað stranddvalar, hvort kjósa eigi öruggan eða spennandi ferðamáta eða hvernig skuli hafa ofan af fyrir eirðarlausum börnum.²¹

Greinin „Placing Jane Austen, Displacing England: Touring Between Book, History and Nation“ eftir Mike Crang snýst einmitt um vaxandi velgengi bókmenntatúrisma í efri stétt og miðstétt en rannsóknir hafa sýnt að innan þessara tveggja samfélagshópa sé helst að finna þá sem lesa bækur og það sé til þeirra sem reynt sé að höfða í markaðssetningu þeirra svæða sem tengjast með einum eða öðrum hætti lífshlaupi Austen eða stöðum sem tengjast kvikmynda- og sjónvarpsþáttaaðlögunum á verkum hennar.²² Á þann hátt er almenningi til dæmis boðið að feta í fótspor Elísabetar og Darcys um grundir sveitasetursins Lyme Park, eins og Colin Firth og Jennifer Ehle gerðu í BBC-þáttaröðinni frá 1995. Svo að engin hætta sé á því að hinir áhugasömu villist af leið og fangi því ekki hina einu sönnu upplifun, fylgir með nákvæmt kort af gönguleiðinni.²³ Þeir sem halda á slóðir skáldkonunnar eru allt frá fólki sem veit lítið um hana yfir í harða menningartúrista, fólk sem tekur tómstundir sínar

¹⁹ Sama rit, texti eftir Laurel Ann Nattress á bakhlið bókarkápuunnar.

²⁰ Rebecca Smith, *Miss Jane Austen's Guide to Modern Life's Dilemmas*, Lewes, East Sussex: Ivy Press, 2012. Kaflinn ber nafnið „Leisure & Travel“ (bls. 190–213).

²¹ Sama rit, bls. 192–201.

²² Fjöldinn allur af greinum og fréttapistlum hefur verið skrifaður um þann túrisma sem beinist að heimaslóðum skáldkonunnar en þar má nefna: Sarah Gordon, „Lost in Austen Country on a Literary Tour of Her Much-Loved Hampshire“ í *Mail Online*, 31. mars 2013:

<http://www.dailymail.co.uk/travel/article-2301923/Pride-Prejudice-bicentenary-Explore-Jane-Austen-country-Hampshire.html>; „Jane Austen's England: A Traveller's Guide to Finding Mr Darcy“ af vef lonelyplanet, 21. janúar 2013:

<http://www.lonelyplanet.com/great-britain/travel-tips-and-articles/77625>; „Walking Tours“ á vef the Jane Austen Centre: <http://www.janeausten.co.uk/the-jane-austen-centre/walking-tours/>; og „Jane Austen: The Dancing Years Tour: Follow in her footsteps“ af vef Hidden Britain Tours: <http://www.hiddenbritaintours.co.uk/site/jact.asp> [allt sótt

4. apríl 2013]. Boðið var upp á allar þessar ferðir á vormánuðum 2013.

²³ Starfsmenn *Radio Times*, „Pride and Prejudice: Walk in the Footsteps of Miss Bennet and Mr Darcy“:

<http://www.radiotimes.com/news/2013-04-11/pride-and-prejudice-walk-in-the-footsteps-of-miss-bennet-and-mr-darcy> [sótt 11. apríl 2013].

alvarlega, og sem dæmi má nefna einstaklinga sem eru reiðubúnir til þess að greiða 3500 dali (um fjögur hundruð þúsund krónur) í menningarreisnu sem tengist Jane Austen.²⁴

Á ferðum sem þessum eru sögur Austen í öndvegi en ferðalagið verður „lestur“ sem á sér stað í tíma og rúmi og áningarstaðirnir að minjagripum sem lesa má eins og hvern annan texta. Gildi slíkra gripa felst í því hvernig þeir eru notaðir og sá sem á þá ræður því hvernig sagan er sögð. Minjagripir taka því á sig táknræna merkingu um einstaka reynslu sem má endurvekja í sífellu með frásögninni um þá.²⁵ Á meðan staðirnir virðast birta fortíðina og heim Jane Austen eru þeir einnig í sífeldri endurmótun, vegna þess að lestur hvers ferðalangs er persónulegur og sprettur af keðju tákna. Merking staðanna er því óljós og opin fyrir túlkunum. Ferðalangar á slóðum Austen eru sífellt að fylla upp í eyðurnar, hvort sem þeir halda um heimaslóðir hennar eða einskorða sig við hugarheimana. Ferðalagið vekur upp tilfinningu fyrir fjarveru fremur en nálægð, túristinn sækist eftir einhverju ápreifanlegu en uppsker aðeins eyðu sem hann verður að fylla upp í með orðum og ljósmyndum. Crang segir óstöðugleika merkingarinnar verða ráðandi, staðirnir sem túristinn heimsæki skapi ekki raunverulega tilfinningu fyrir Austen og verkum hennar, heldur búi til ímyndað samhengi – tengsl sem séu ekki endilega til staðar.²⁶

Þessa ímynduðu nálægð við skáldkonuna er hægt að vekja með ýmsum hætti og ekki þarf að leita á náðir sérþjálfara leiðsögumanna. Fyrir sjálfstæðari Jane-ista, sem kjósa að efla tengslin við skáldkonuna upp á eigin spýtur, hefur fjöldinn allur af bókum verið skrifaður þar sem rakin eru þau bönd sem tengja Austen við ákveðna staði og jafnvel byggingar, ekki síður en almennari rit þar sem lesendum gefst tækifæri á að feta í fótspor skáldkonunnar eftir vel skipulögðum leiðum. Hér má nefna bækur eins og *Jane Austen and Lyme Regis* eftir Maggie Lane, *Jane Austen in Bath* eftir Jean Freeman og *Jane Austen and Winchester Cathedral* eftir Michael Wheeler.²⁷ Tvær fyrrnefndu bækurnar snúast um staði sem Austen bjó á og heimsótti en Bath og Lyme Regis eru einnig söguvið í tveimur bóka Austen, *Northanger Abbey* og *Persuasion*. Síðastnefnda bókin, um dómkirkjuna í Winchester, tengist fyrst og fremst sögu Austen fyrir þær sakir að hún lá banaleguna þar í bæ og er grafin undir dómkirkjugólfinu. Af öðrum ferðasögum sem tengja saman útivist og nafn skáldkonunnar má nefna *In the Footsteps of Jane Austen: Through Bath to Lyncombe and Widcombe* eftir Janet Aylmer, *In the Steps of Jane Austen: Walking Tours of Austen's England* eftir Anne-Marie Edwards og *A Rambling Fancy in the Footsteps of Jane Austen* eftir Caroline Sanderson.²⁸

Austen getur jafnvel nýst sem fararstjóri þótt haldið sé langt út fyrir heimahagana en Amy Elizabeth Smith tók allar skáldsögur Austen með sér í árslangt ferðalag um Suður-Ameríku og hún lýsir ævintýrum sínum í bókinni *All Roads Lead to Austen: A Yearlong Journey with Jane* og eru kaflarnir helgaðir ákveðnum löndum, Gvatemala, Mexíkó, Ekvador, Síle og Paragvæ. Hvert sem hún heldur leitast höfundurinn uppi aðdændur skáldkonunnar, allt þar til hún finnur sinn eigin herra Darcy í Argentínumanninum Hugo. Amy snýr aftur til Argentínu

²⁴ Mike Crang, „Placing Jane Austen, Displacing England: Touring Between Book, History and Nation“, *Jane Austen and Co.: Remaking the Past in Contemporary Culture*, ritstj. Suzanne R. Pucci og James Thompson, Albany, NY: State University of New York Press, 2003, bls. 111–130, hér bls. 121.

²⁵ Sama rit, bls. 120–124.

²⁶ Sama rit, bls. 125.

²⁷ Maggie Lane, *Jane Austen and Lyme Regis*, Chawton, Alton, Hampshire: The Jane Austen Society, 2003; Jean Freeman, *Jane Austen in Bath*, endurskoðuð útg., Chawton, Alton, Hampshire: The Jane Austen Society, 2002 [1969]; Michael Wheeler, *Jane Austen and Winchester Cathedral*, Winchester: Friends of Winchester Cathedral, 2003.

²⁸ Janet Aylmer, *In the Footsteps of Jane Austen: Through Bath to Lyncombe and Widcombe*, Bath: Copperfield Books, 2003; Anne-Marie Edwards, *In the Steps of Jane Austen: Walking Tours of Austen's England*, Madison, WI: Jones Books, 2003 [1991]; Caroline Sanderson, *A Rambling Fancy in the Footsteps of Jane Austen*, London: Cadogan, 2006.

allmörgum mánuðum síðar og endurfundirnir við Hugo leiða til þess að hann biður hennar og samþykkir að fylgja henni til Kaliforníu.²⁹ Lori Smith heldur út á sveitavegi þá sem Austen tróð forðum daga til þess að endurnýja kynni sín af skáldkonunni og treysta sambandið við guð en markmið Amy Smith er miklu fremur að leita hamingjunnar og ástarinnar, leita „trúverðugrar hamingju“, en hún er það sem söguhetjur skáldsagnanna fá í sinn hlut þegar upp er staðið.³⁰ Saga Amy Elizabeth Smith dregur skýrt fram ímyndað samhengi ferðasögunnar þar sem síðasti tangóinn í Highbury Emmu Woodhouse fer fram á götum Buenos Aires.³¹

Það sem allar ofangreindar bækur eiga sameiginlegt, meira að segja *All Roads Lead to Austen*, er krafan um upprunaleika. Amy Elizabeth Smith finnur hann í hugmyndinni um eðli hamingjuríkra sambanda en í hinum sögunum er nærveran við skáldkonuna ekki síður líkamleg. Hún tekur á sig mynd veraldlegrar pílgrímsferðar þar sem ferðamenn eltast við skáldin eins og pílgrímar sem leita uppi jarðneskar leifar einhvers dýrlingsins. Stöðunum er ætlað að gagnast pílgrímnum við að endurheimta tilfinninguna fyrir upprunalega atburðinum, í tilviki Austen, nærveruna við skáldið.

Líklega hverfðust fyrstu bókmenntalegu pílgrímsferðirnar á Englandi um heimabæ enska leikskáldsins Williams Shakespeare en í bókinni *The Englishman's England: Taste, Travel and the Rise of Tourism* hefur Ian Ousby rakið í löngu máli hvernig áhugi á því að heimsækja Stratford-Upon-Avon óx ört á átjándu og nítjándu öld en Stratford hafði fest sig í sessi sem forvitnilegur áfangastaður strax á dögum Austen.³² Nú er hann að miklu leyti helgaður þessum fremsta þjóðardýrlingi Breta, eins og Graham Holderness hefur dregið fram með eftirminnilegum hætti í grein sinni „Bardolatry“ en hún snýst um þá margræðu og ekki alltaf áreiðanlegu menningarframleiðslu sem snýr að goðsögninni um Shakespeare.³³ Það sem gerir merkingarsköpunina svo aðgengilega er að hún er nánast öll bundin við einn stað, ólíkt því sem er með Austen, en vegsummerki hennar eru víðar og því geta ólíkir staðir keppt um að eigna sér hana.³⁴ Ferðalag um lendur Austen lýtur því annars konar frásagnarmynstri en heimsókn á heimaslóðir Shakespeares. Það á sér gjarnan upphaf, miðju og endi, eins og Mike Crang hefur bent á, en upphafsstaðurinn er Steventon, miðjan Bath og endirinn Chawton.³⁵

Niðurlagskaflinn í bók Sanderson, *A Rambling Fancy in the Footsteps of Jane Austen*, ber því glöggvitni að hún er sér fyllilega meðvituð um trúarlegar víddir ferðar sinnar en hún heldur einmitt sem leið liggur frá Steventon til Bath og Chawton þótt ferð hennar ljúki ekki þar, heldur í dómkirkjunni í Winchester þar sem Jane er grafín, eins og áður sagði. Sanderson

²⁹ Amy Elizabeth Smith, *All Roads Lead to Austen: A Yearlong Journey with Jane*, Naperville, Ill: Sourcebooks, 2012, bls. 357.

³⁰ Sama rit, bls. 359: „Believable happiness—that’s what is in store for Austen’s protagonists. They all find love, but it’s love embedded in situations we can identify with: money woes, frustrating relatives, unavoidable personality clashes. That, I think, is why people keep coming back to Austen.“

³¹ Skáldsagan *Emma* (1816) gerist í þorpinu Highbury og segir frá ungrri hástéttarkonu, Emmu Woodhouse, sem í leiðindum sínum dundar sér við að para saman fólkíð í nágrenninu með hörmulegum afleiðingum.

³² Ian Ousby, *The Englishman's England: Taste, Travel and the Rise of Tourism*, London: Pimlico, 2002, sjá sérstaklega fyrsta kaflann „Literary Shrines and Literary Pilgrims: The Writer as a Tourist Attraction“, bls. 17–43. Ég fjalla um birtingarmyndir arfleifðartúrísma í aðlögunum á verkum Jane Austen og Evelyns Waugh í grein minni „Til Pemberley var förrinni heitið. *Pride and Prejudice* og *Brideshead Revisited* í ljósi arfleifðar“, *Ritið* 2/2010, bls. 143–168.

³³ Graham Holderness, „Bardolatry (1988)“, *Cultural Shakespeare: Essays in the Shakespeare Myth*, Hatfield: University of Hertfordshire Press, 2001, bls. 125–140.

³⁴ Hin merkingarmiðjan sem smíðuð hefur verið utan um Hin Shakespeare væri Globe-leikhúsið í Lundúnum. Globe-leikhúsið liður þó fyrir að vera nútímaleg endurgerð á leikhúsi Shakespeares (byggingin var fullgerð 1997) og fyrir að vera reist 230 metra frá staðnum þar sem upprunalega leikhúsið var starfrækt.

³⁵ Mike Crang, „Placing Jane Austen, Displacing England“, bls. 117.

líkir ferðalaginu við pílgrímsferð þar sem hún hafi ómeðvitað fetað nánast sömu slóðir og pílgrímarnir gerðu mörgum öldum fyrr er þeir héldu veginn til Kantaraborgar til þess að vitja jarðneskra leifa erkibiskupsins Tómasar Becketts sem myrtur var árið 1170.³⁶ Ferðalangar nútímans eru á höttunum eftir svipaðri reynslu og pílgrímar Chaucers:

Í okkar óvissu veröld eru staðirnir sem hún heimsótti og bækurnar sem hún skrifaði tákni fyrir þá hluti sem mörg okkar meta ofar öllu öðru, sú fortíðarauðlegð sem hefur gert okkur að því sem við erum. Kvikmyndar- og sjónvarpsaðlaganir á verkum hennar og staðir eins og Chawton-kot eða Jane Austen-setrið í Bath fylla huga okkar ljúfsárum söknuði eftir tíma þegar lífið var einfaldara og þokkafyllra, tíma þegar te var alltaf borið fram í postulínsbolla á hreinum borðdúk, konurnar klæddust fallegum kjólum og karlar hneigðu sig djúpt.³⁷

Sanderson gerir sér grein fyrir því að þessi hugmynd sé aðeins talsýn, án nokkurra tengsla við veruleika þann sem Austen þekkti, en það breytir því ekki að hugmyndin hefur á okkur djúpstæð tök.

Hana má því alveg bera saman við trúarlega reynslu og ekki er úr vegi að kafa aðeins dýpra ofan í margræð tengsl þeirra ferðalaga sem hverfast um bókmenntir, sjálfskönnunarleiðangra og pílgrímsferðir fortíðar.

„Hjarta mitt tók fullan þátt, þótt ég væri örmagna“

Í *A Jane Austen Education* bar William Deresiewicz Jane Austen saman við Jesú Krist og Sókrates. Táknræn staða Austen í bók Lori Smith er að sama skapi umtalsverð en ferðalag Smith eftir vegum Suður-Englands færir hana ekki aðeins nær skáldkonunni, heldur vekur jafnframt upp með henni tilfinningu fyrir gæsku og náð almættisins.

Við upphaf frásagnarinnar er Smith buguð af veikindum, svefnleysi og sársauka en óþekktur sjúkdómur hefur um langt skeið sett mark sitt á líf hennar og gengið svo nærri henni að hún sér ekki fram á að geta sinnt vinnu sinni lengur. Ferðalagið verður að leið fyrir hana til þess að ná andlegum og líkamlegum bata en þar tekst hún á við sjálfa sig og sýnir hvers hún er megnug. Magnleysi Smith leiðir hana nær guði sínum en með því að spegla líf sitt í skáldsögum Austen lærir hún að endurmeta sjálfa sig og stöðu sína í lífinu. Frásögnin sprettur á þennan hátt úr trúarkrísu en Smith viðurkennir að henni hafi ekki fundist hún lengur tilheyra nokkurri kirkjudeild og að hún hafi verið farin að upplifa kristið fólk sem getulaust og grimmt. Hún þráir að endurskrifa líf sitt og fjarlægja sig kristilegum bakgrunni sínum en nám hennar og störf höfðu eingöngu verið innan trúarlegra stofnana. Nú vill Smith „fara í ríkisskóla, ná sér í meistaragráðu, halda í nám erlendis og læra að lifa af í „raunverulegum“ heimi.“³⁸ Ferðalagið sem Smith lýsir í bók sinni markar þannig upphafið að nýju lífi fyrir hana en þó kannski ekki á þann hátt sem hún bjóst við. Hún verður ástfangin, endurheimtir tengslin við trú sína og treystir sambandið við eftirlætishöfundinn sinn. En ferðalaginu lýkur ekki við heimkomuna því þar bíða hennar enn erfiðari verkefni, baráttan við heilsuna og vonbrigði í ástarmálum. Undir lok sögunnar rís Lori þó upp úr veikindum sínum með nýjan skilning á náð guðs og visku Austen í brjóstinu þótt hún eigi ennþá talsvert í land að ná bata.

³⁶ Caroline Sanderson, *A Rambling Fancy in the Footsteps of Jane Austen*, bls. 214–219. Kaflinn ber heitið „The Pilgrim’s Way“.

³⁷ Sama rit, bls. 216: „In our uncertain world the places she visited and the books she wrote stand, for many of us, as symbols of the things we most value, the rich history that has made us what we are. Film and television adaptations of her work, and places like Chawton Cottage or the Jane Austen Centre in Bath, fill us with nostalgia for a time when life was simpler and more graceful, a time when tea was always served in china cups on clean tablecloths, women wore pretty dresses and men bowed low.“

³⁸ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 14 og 15: „[...] to go to a state school, get a master’s degree, study abroad, survive in the “real” world.“

Vegurinn sem myndhverfing fyrir lífið sjálft er eitt af frumminnum vestrænnar frásagnarhefðar og ferðalagið er vinsæl leið til þess að draga fram á áþreifanlegan hátt tilraunir söguhetja til þess að efla með sér sjálfsskilning og finna sér samastað í tilverunni. Í spurningu sem finna má aftast í *A Walk with Jane Austen* og ætluð er þeim leshópum sem taka bókina til greiningar er sjónum einmitt beint að því hvort Lori Smith „hafi fundið (eða ekki fundið) það sem hún leitaði að er hún hélt í fótspor Austen.“³⁹ Þessi venl sjálfsleitar og ferðalags eru iðulega viðfangsefni sjálfshjálparhöfunda og eiga sér ríkan hljómgrunn í dægurmenningunni eins og sést svo glöggt á vinsælli bók Christophers Vogler, *Ferð höfundarins*. Þar er því haldið fram að Hollywood-kvikmyndir afhjúpi hulið frásagnarmynstur goðsagna, um leið og þær varpi ljósi á mannsálina og leið hennar frá meðvitundarleysi til þroska.⁴⁰ Þar eru því öðrum þræði ekki aðeins greiningartæki, heldur líta fylgjendur þeirra á þau sem nothæf sjálfshjálparlíkön.

Terry Murray gerir þessi venl að umræðuefni í grein sinni „Knowing Self Through the Journey: Graduate Students’ Experiences of Self-Knowledge Development“. Þar lýsir hún sjálfsþekkingarnámskeiði sem hún hélt fyrir framhaldsnema í háskóla á menntavísindasviði og byggt var á ferðalagi „hetjunnar“. Niðurstöður Murray voru þrenns konar: Í fyrsta lagi þurfi að skilja að ferðalag „hetjunnar“ sé ferli og hafi áhrif á sjálfsþekkingu. Í öðru lagi fari leitin að sjálfsskilningi aldrei fram í einrúmi, því að sjálfsþekking sé félagsleg athöfn og mótuð í samskiptum við aðra. Í þriðja lagi búi andlegar víddir í vaxandi sjálfsþekkingu, sem geti leitt til varanlegs þroska og umbreytingar.

Murray, sem rétt eins og Christopher Vogler, styðst við greiningu Josephs Campell úr bókinni *The Hero with a Thousand Faces* (1949), segir ferðalag hetjunnar lýsingu á lífi manneskjunnar og viðbrögðum hennar við heiminum. Slík ferðalög megi víða sjá í ýmsum frásögnum, hvort sem horft sé til goðsagna, skáldsagna eða kvikmynda. Ferðalagið sé ögrandi og feli í sér breytingu eða þroska. Það lýsi sér í þremur stigum: aðskilnaði eða brottför, eldraunum og sigrum, heimkomu og inngöngu í samfélagið.⁴¹

Murray hefur sérstakan áhuga á því hvernig hverfa megi frá goðsagnaformgerð Campells um hetjuna þar sem haldið sé fast í hið línulega ferðalag – með skýru upphafi, miðju og endi – í þeim tilgangi að laga hana að femínískum forsendum. Hún horfir sérstaklega til greiningar Maureen Murdock sem lýsir hinu innra ferðalagi í *The Heroine’s Journey* þannig að markmiðið hljóti að vera að konur verði heildstæðar manneskjur í góðu jafnvægi, taki á móti kvenleika sínum og þroski sig með því að vinna í erfiðleikunum sem felast í því að vera kona. Murdock segir ferðalagið ekki fylgja neinum leiðbeiningum eða áætlunum, engin kort eða leiðarvísar komi ferðalanginum til hjálpar. Ferð konunnar sé yfirleitt án viðurkenningar frá umheiminum, sem þvælist þvert á móti fyrir og grafi undan því að konan nái fram markmiðum sínum.⁴² Murray bendir á að aðrir fræðimenn hafi víkkað út þær femínísku forsendur sem búi að baki þessu sérstaka frásagnarmynstri og beini þá augum sérstaklega að hinni línulegu frásagnarframvindu. Í slíkum frásögnum sé einstaklingseðli hetjunnar í forgrunni en það henti illa til þess að endurspeglja þankagang konunnar, þekkingu hennar á heiminum eða reynslu. Murray vísar til greinar Ruth E. Ray og Susan H. McFadden „The Web and the Quilt: Alternatives to the Heroic Journey Towards Spiritual

³⁹ Sama rit, bls. 234: „Looking back on Lori’s journey, how do you think she found (or not) what she went looking for in the footsteps of Jane?“

⁴⁰ Sjá Christopher Vogler, *Ferð höfundarins* [2. útg.], þýð. Sigurgeir Orri Sigurgeirsson, Reykjavík: Bókafélagið, 2012.

⁴¹ Terry Murray, „Knowing Self Through the Journey: Graduate Students’ Experiences of Self-Knowledge Development“, *Journal of Adult Development* 2/2009, bls. 108–128, hér bls. 108.

⁴² Sama rit, bls. 111. Sjá einnig M. Murdock, *The Heroine’s Journey*, Boston: Shambhala, 1990, bls. 3.

Development“, en þær telja þroskasögur með kvenlegar áherslur fremur snúa að samskiptum, samböndum og samstöðu, en aðskilnaði og hinu einstaklingsbundna.⁴³

Eins og titillinn á grein Ray og McFadden ber með sér kjósa þær að nota annars konar myndlíkingar til þess að fanga með sem skýrustum hætti þroskasögu kvenna. Að þeirra mati eru vefur og bútasamur mun hentugri lýsingar á spuna- og brotakenndri upplifun kvenna en sú einangrandi einstaklingshyggja sem handhafar valdsins grípa gjarnan til.⁴⁴ Teppið er unnið af hópi einstaklinga sem sameinast í því viðfangsefni að sauma ólíka búta saman svo þeir myndi heild, en teppið er sterk myndhverfing fyrir samband einstaklingsins við umhverfi sitt og það hvernig andlegur þroski einstaklingsins mótast í samskiptum við aðra. Bútasamurinn er á stöðugri hreyfingu, í sífelldri endurmótun eins og líf konunnar, og er jafnframt táknrænn að því leyti að hann bindur kynslóðir kvenna saman því að teppin ganga í arf.⁴⁵

Afskaplega forvitnilegt er að skoða *A Walk with Jane Austen* út frá þessu goðsögulega samhengi. Er ferðalag Lori Smith um slóðir Austen nothæf myndhverfing um leiðina til sjálfshjálpar, rétt eins og pílgrímsferðin hefur löngum verið sáluhjálparatriði? Persónulegum þroska hennar er komið á framfæri með því að styrkja tengslin við fyrirmyndina Austen, rétt eins og Deresiewicz leitaðist við að gera, en þessi samanburður er einmitt viðfangsefni þriðju spurningarinnar sem borin er upp í bókarlok fyrir leshringina: „Lori og Jane eiga svo margt sameiginlegt og eru um margt svo líkar. En hvað skilur á milli þeirra?“⁴⁶ Sjálf ímyndar Smith sér að nálægðin við Austen hafi haft þau áhrif að hún fann eitthvað sem virðist vera ást þegar hún kynntist kristna stráknum Jack í Oxford: „í ljósi þess að ég er Austen-aðdáandi sem fylgir í fótspor hennar, finnst henni kannski við hæfi að setja saman litla rómantíska gamansögu handa mér.“⁴⁷

Vegferðarmyndmálið hrekkur þó ansi skammt sé horft á það út frá hefðbundnum frumminnum hetjufrásagna á borð við þær sem Campell og Vogler gera sér mat úr. Smith virðist litlu bættari undir lok ferðar sinnar um England og á leiðinni heim aftur yfir hafið til Bandaríkjana er líkamlegt og andlegt þrek hennar uppuríð og við tekur langur tími í djúpu þunglyndi.⁴⁸ Að sama skapi hefur ferðalag Smith um slóðir Austen ekki það skýrt afmarkaða upphaf, miðju og endi, sem svo oft einkennir hefðbundnar vegferðarsögur. Það hefst eins og því lýkur, það er rammað inn með sálmasöng í Kristskirkju í Oxford. Í bæði skiptin er Smith uppgefin. Hún finnur þó fyrir náð og góðmennsku guðs,⁴⁹ og hjarta hennar tekur „fullan þátt, þó [hún] væri örmagna – kannski að einhverju leyti vegna magnleysisins“.⁵⁰ Að sama skapi fylgir Smith ekki lífshlaupi Austen í rétttri tímaröð. Hún heldur til dæmis til Chawton og Winchester áður en hún fer til Bath, en þar bjó Austen áður en hún fluttist til Chawton. Umfjöllun hennar um skáldkonuna verður fyrir vikið lausari í rásinni og brotakenndari. Að sama skapi eru hugleiðingar hennar ekki bundnar við áfangastaðina. Jack,

⁴³ Sama rit, bls. 111. Sjá einnig Ruth E. Ray og Susan H. McFadden, „The Web and the Quilt: Alternatives to the Heroic Journey Towards Spiritual Development“, *Journal of Adult Development* 4/2001, bls. 201–211, hér bls. 202.

⁴⁴ Ruth E. Ray og Susan H. McFadden, „The Web and the Quilt: Alternatives to the Heroic Journey Towards Spiritual Development“, bls. 202.

⁴⁵ Sama rit, bls. 203–207.

⁴⁶ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 233: „Lori and Jane have so much in common and are alike in so many ways. How are they different?“

⁴⁷ Sama rit, bls. 8: „because I’m an Austen devotee following in her steps, perhaps she will deign to craft a little romantic comedy of my own.“

⁴⁸ Sama rit, bls. 203–204 og 213–216.

⁴⁹ Sama rit, bls. 25.

⁵⁰ Sama rit, bls. 202: „My heart fully participated, in spite of my exhaustion—maybe in some ways because of my exhaustion.“

sem hún kynnist í upphafi ferðar sinnar á meðan hún er enn í Oxford, leitar til dæmis iðulega á hugann og ryður þá öllu öðru úr vegi.

Mikilvægast er þó hvernig frásögn Smith hverfist um þrána til að mynda sambönd og treysta þau. Ray og McFadden telja, eins og áður sagði, að í kvenlegum þroskasögum sé fremur lögð áhersla á samskipti og samstöðu en aðskilnað og einstaklingseðli. Sjálfsleit Smith felst líka öðrum þræði í því að styrkja tengslin við Austen, sem er stór hluti af lífi hennar: „Ég hef alltaf upplifað skyldleika með Jane [...]. Hún er eins og kærkominn vinur.“ Smith telur hana jafnframt búa yfir mikilli visku sem, rétt eins og hjá Deresiewicz, verður nánast trúarleg í lýsingum hennar: „Austen virðist hafa fangað ósögð sannindi, kjarnann um það hver við erum og hvers vegna við gerum það sem við gerum.“ Væntingar Lori Smith til ferðarinnar felast ekki síst í því að Austen geti á einhvern hátt hjálpað henni í þeirri tilvistarkreppu sem hún glímur við: „að nálægð mín við Austen muni hjálpa mér að skilja mitt eigið líf.“⁵¹

Ferðalag Lori Smith varpar því ljósi á væntingar hennar til lífsins sem konu og vonbrigðin sem hún hefur orðið fyrir. Ein hennar heitasta þrá er að giftast og eignast börn.⁵² Þótt hún vilji verða rithöfundur og elski frelsi sitt, varpar hún fram spurningunni hvað hún kysi ef á hólminn væri komið. Hún vitnar í Sue Monk Kidd sem segir að hver kona þurfi að velja á milli sjálfstæðis og ástar. Smith er ekki í vafa um að hún myndi velja ástina en að sjálfstæðið hafi valið hana.⁵³ Á þennan hátt opinberar ferðalagið stöðu hennar. Í sjálfsmyndartengslum Lori Smith við Austen býr í senn hugmynd um að hún, rétt eins og Austen, sé rithöfundur sem skilji gildi ástar, innihaldsríkra samskipta og fjölskyldulífs en líka vitund um fátæklegt ástarlíf sitt og ósnert hjarta. Hún veltir því fyrir sér hvort líf sitt verði þegar upp er staðið líkara lífi hinnar einhleypu Austen eða kvenhetjanna í bókum hennar.⁵⁴

Juliette Wells segir í bók sinni *Everybody's Jane: Austen in the Popular Imagination* að Lori Smith sæki innsæi í sögur Austen fremur en beinlínis leiðbeiningar um siðferðilega hegðun. Lori Smith telji Austen hafa verið sátta við líf sitt sem hjálpi henni að sættast við sitt eigið líf. Frásögn Smith bjóði lesendum uppá sjálfsþekkingu sama hver trúarlegur bakgrunnur þeirra er, þeir geti lært að þekkja sig betur með því að íhuga áhuga sinn á Austen eða á öðrum höfundum sem þeir hrífist af. Með því að dýpka samband sitt við höfundinn, hvort sem það er með lestri eða ferðalögum öðlist þeir frekari sjálfsskilning.⁵⁵

Í sjálfsleitarnámskeiðinu sem Terry Murray hélt byggir hún á kenningum Gerald Weinstein en hann skilgreinir sjálfsþekkingu sem þekkingu á eigin persónuleika, styrkleika manns, takmörkunum og möguleikum. Þessi hugmynd byggist á eldri kenningum Abrahams Maslow og Richards Lowry, sem skoða sjálfsþekkingu sem virkt innra ferli þar sem einstaklingurinn verður sér meðvitaður um rætur óhamingju sinnar og ringulreiðina sem bærast innra með honum. Síðan á sér stað jákvæð umbreyting sem er hluti af því að

⁵¹ Sama rit, bls. 10, 11 og 12: „I've always felt kinship with Jane [...]. She feels like a dear friend. [...] Austen seems to have captured some essential, unspoken truths about who we are and why we do what we do [...] that somehow this proximity to Jane's life will help me understand my own.“

⁵² Sama rit, bls. 45.

⁵³ Sama rit, bls. 199: „I heard writer Sue Monk Kidd talk once about the defining choice every woman makes between love and independence. There's no doubt in my mind right now what I would choose. I want to write, and I want to have a family. I want to go to grad school as well and travel and all other sorts of things, but if I have a chance at love, I would choose that. I know that now, at this moment in my life. Some of us do get to make the choice between love and independence, but for many of us choice simply happens—having found no one, having had no one find us, we land squarely and often surprisedly on the side of independence.“

⁵⁴ Sama rit, bls. 53: „And I wonder if my life will turn out more like Jane's life or like the heroines' lives in her books.“

⁵⁵ Juliette Wells, *Everybody's Jane: Austen in the Popular Imagination*, London og New York: Continuum, 2011, bls. 195–197.

þroskast persónulega. Maslow og Lowrey leggja þannig áherslu á mikilvægi neikvæðrar andlegrar líðanar, sem verður að nauðsynlegum þætti í þróun sjálfsins og þroska.⁵⁶

Líkan sem sálfræðingurinn Gerald Weinstein þróaði var um árabil notað í námskeiðinu. Það gengur út á að kenna nemendum að þekkja stríð hegðunarmunstur (e. *dissonant patterns of feeling and behavior*) í því skyni að þróa önnur og ákjósanlegri. Markmiðið sé ekki aðeins að skilja sjálfan sig heldur einnig að vera sér meðvitaður um tækifærin sem felast í nýjum sjálfsskilningi. Nú hafi líkaninu verið skipt út fyrir annað sem sé meira skapandi og byggist á innsæi og lestri tákna. Ferðalag hetjunnar í námskeiðinu er flokkað í fimm þroskastig og eru áfangarnir byggðir á nýlegum útfærslum á hugmyndum Josephs Campbell:

- *Ævintýrin kalla* – haldið á vit óvissunnar. Heimilið yfirgefið, sjálfsskilningur vex.
- *Finndu eigin slóð* – leitaðu uppi þína leið. Hjálpartækjum komið upp fyrir ferðina.
- *Þrautagangan og hjarta völundarhússins* – þrautir leystar á leiðinni, lært af mistökum, treyst á innri styrk og ráðsnilld í glímunni við sjálfið inni í völundarhúsinu.
- *Skógurinn milli heimanna* – hugsjónin fengin, lært af ferðalaginu, meðvituð ákvörðun tekin um að snúa til þekktar heimsins.
- *Heimkoma og manndómsvígsla staðfest* – snúið aftur til samfélagsins, kennsl borin á persónulegan þroska og umbreytingu, unnið úr lærdómi ferðarinnar.⁵⁷

Ferðalag hetjunnar er eitt vinsælasta sjálfshjálparlíkan samtímans og birtist í ótal myndum og útfærslum í menningu okkar. Af þeim sökum má nota það til þess að skýra meðvitaða formgerð sjálfisleitarfrásagna og hugmyndafræðina sem býr að baki. Lori Smith er þar engin undantekning, en eins og fram hefur komið hefur hún skrifað tvær sjálfshjálparbækur til viðbótar við ferðasögu sína, en kalla má bækurnar ólíkar birtingarmyndir sömu grunnhugmynda um sjálfsvöxt og sjálfþroska.

Leit Lori Smith að tilgangi færir hana nær sjálfri sér en um leið nær guði. Fyrsta kvöldið á ferðalagi hennar, þar sem hún situr í Kristskirkju í Oxford, verður henni hugsað aftur til stundar þegar tilfinningin fyrir nærveru Krists hellist yfir hana. Hún sat við eldhúsbordið í sólinni heima hjá sér og fannst hann vera nálægur á máta sem hún hafði ekki fundið áður: „Í örmögnun minni varð persóna hans skýrari og mikilvægari og sannari fyrir mér en ég hafði nokkru sinni upplifað. Ég sat og lét mig dreyma í sólinni og týndi mér.“⁵⁸ Þessi tilfinning vaknar aftur með reglulegu millibili ferðalagið allt, á stöðum sem tengjast Austen. Þegar Smith heldur til Steventon, æskuheimilis Austen, gengur hún um landsvæðið og finnur hvernig þreytan hverfur smátt og smátt: „Á meðan ég geng yfir engin finnst mér eins og ég verði mannleg aftur, átökin hjálpa mér að hvílast. Ég verð að stoppa öðru hvoru til

⁵⁶ Terry Murray, „Knowing Self Through the Journey: Graduate Students' Experience og Self-Knowledge Development“, bls. 111.

⁵⁷ Sama rit, bls. 112: „– *The Call to Adventure* – A Journey from the known to the unknown, leaving home and self discovery. – *Finding Your Path* – Seeking your own way, gaining tools and powers for the journey. – *The Trail of Trials & The Heart of the Labyrinth* – Facing challenges on the road of trials, learning from your mistakes, and relying on your inner strenghts and resources in the confrontation with self in the labyrinth. – *The Woods Between the Worlds* – Receiving the vision, learning from the journey, making a conscious decision to return to the world as we know it. – *The Return & The Ceremony of Passage* – Returning to the community, recognizing personal growth and change, and integrating our learning from the journey.“

⁵⁸ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 23: „In my exhaustion, his characterhis complete truth, the kind I have never experienced—was clearer and more important and more true to me than it had ever been. I sat daydreaming in the sun and lost myself in it.“

þess að melta þetta með mér, til þess að hugleiða, vera létt í lund og biðja.⁵⁹ Þessi tengsl sem Smith dregur upp milli sín, Austen og almættisins birtast ítrekað á ferðalagi hennar.

Í Chawton heimsækir Lori afkomanda Edwards Austen. Hún gistir í klaustri í nágrenninu og finnur glögglega fyrir hlýju munkanna, en í klausturgarðinum er gnægð af rósum og lofnarblómum. „Svo þetta eru gjafir mínar“, skrifar hún og hugleiðir daginn. Allt þetta fyllir hana friði: „Ég sleppi þeim [gjöfunum] ekki og íhuga gildi þeirra eins og þær séu perlur á talnabandi um leið og ég bið eftir meiru.“⁶⁰ En þótt sumir staðir fylli Smith krafti og treysti samband hennar við guð og sjálfa sig, er hún líka stundum týnd, eins og í Bath og Lyme Regis, en staðirnir valda henni vonbrigðum. Í Winchester hugleiðir hún dauða Austen og sinn eigin forgengileika – það sem heldur fyrir henni vöku er „gátan um hvað gerist á augnabliki dauðans og ótti hennar við Guð.“⁶¹ Hið trúarlega samhengi er því sjaldan langt undan hvernig svo sem Smith líður.

Tengsl staðar, landslags og trúarlegrar upplifunar eru viðfangsefnið í grein Terrys R. Slater „Encountering God: Personal Reflections on ‘Geographer as Pilgrim’“. Þar lýsir Slater ferð sem farin var til Bologna 1997 á alþjóðlega ráðstefnu, en hann verður fyrir trúarlegri reynslu þegar hann heimsækir brautarstöðina þar sem tveir nemendur hans létust sautján árum fyrir í hryðjuverkaárás.⁶² Slater vitnar í Adrian Coope sem hefur sérstaklega rannsakað þversagnakennt flæði merkingar á stöðum sem eru persónulega mikilvægir, en þar getur maður íhugað, fundið fyrir einveru, og einnig samveru og fögnuði. Upplifunina verður að setja í samhengi við lífsreynslu einstaklingsins, félagsleg og veraldleg sambönd hans. Slater vitnar í Lily Kong sem hefur sagt að landfræðilegar lykilsurningar sem taki á trúarbrögðum snúi að sambandi hins pólitíska og ljóðræna við staði og svæði og sambandi hins pólitíska og ljóðræna við sjálfsmýnd og samfélag.⁶³ Slater hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á sögulega landafræði, sérstaklega í samhengi miðalda, en þrátt fyrir að hann aðhyllist kristna trú er þetta í fyrsta sinn sem trúarupplifun hans er viðfangsefni fræðilegrar greinar.

Í túlkun Slaters koma saman ólíkar nálgunarleiðir, fræði sem tengja verustaði og tíma, greining á tengslum sjálfsmýnda og landsvæða, og ýmiss konar fræðiefni um borgarlandslag, sérstaklega þéttbýli miðalda. Slater játar að það teljist vond guðfræði að binda nærveru guðs ákveðnum tíma og stað í ljósi þess að hann eigi að vera eilífur og alls staðar nálægur svo að réttast sé líklega að skilgreina þessar stundir sem augnablik þar sem einstaklingurinn verði sér meðvitaðri en áður um hina guðlegu nærveru. Upplifunin setur mark sitt á einstaklinginn. Hún er merkingarrík, hefur í senn áhrif á sjálfsmýnd hans og hugmyndir um verðleika og er ekki sem slík bundin við trúarafstöðu. Þó gerir veraldlegur bakgrunnur einstaklinga sem upplifa guðlega nálægð þeim erfiðara en hinum trúuðu að deila reynslu sinni eða færa hana í orð.⁶⁴

Slater er í fyrstu ósnortinn þó að finna megi margs konar trúarleg kennileiti í Bologna, helgigrípi og rými með ríkum skírskotunum í kristna helgisögu, s.s. sjálfa marmaraskálina sem Pontíus Pílatus á að hafa þvegið hendur sínar úr á föstudaginn langa. Pílagrímsför

⁵⁹ Sama rit, bls. 91: „Walking through the fields, I begin to feel human again, the exertion somehow helping me recover from exhaustion. I have to stop every now and then just to take it all in, to wonder and feel giddy and pray.“

⁶⁰ Sama rit, bls. 107: „So these are my gifts. Astounding and simple. The kindness of strangers, abundant roses and lavender in the garden, a quiet monk asking if I wouldn't like more tea, a distant relative of dear Jane. I hold on to them and ponder them, like beads on a rosary, waiting for more.“

⁶¹ Sama rit, bls. 150: „This is what keeps me up at night, the mystery of what happens in that dying moment and my fear of God.“

⁶² Terry R. Slater, „Encountering God: Personal Reflections on ‘Geographer as Pilgrim’“, *Area* 3/2004, bls. 245–253.

⁶³ Sama rit, bls. 245–246.

⁶⁴ Sjá hér sérstaklega samantekt Slaters á kenningum Hardys og Hay í „Encountering God: Personal Reflections on ‘Geographer as Pilgrim’“, bls. 246.

Slaters er heldur ekki heitið til þessara staða þó að þeir séu hluti af umgjörðinni sem móta reynslu hans og ýta undir trúarlegar hugleiðingar á því augnabliki sem kennslin koma.⁶⁵ Pílagrímsferð hans er persónuleg vegna atburðanna sem urðu á brautarstöðinni í Bologna í ágúst 1980 þegar áttatíu manns létust eftir sprengjuárás hryðjuverkamanna. Nemendur Slaters voru tuttugu og tveggja ára gamalt nýtrúlofað og nýútskrifað þar úr háskóla. Nöfn þeirra voru saman á minnismerkinu. Það vill svo til að Slater heldur á staðinn þar sem nemendur hans týndu lífi sínu á mæðradaginn og á leiðinni niður á brautarstöðina gengur hann í gegnum háskólasvæðið. Þetta gefur ferð hans merkingu og honum finnst sem hann sameini akademískar áherslur og trúarlíf á afar persónulegan hátt. Veggir brautarstöðvarinnar eru hreinlegir og kaldir, sætin þægileg og McDonalds-veitingastaður sér um næringuna. Frammi fyrir glerminnismerkinu finnur Slater sterklega fyrir nærveru kvenlegs náðarvalds, móður er grætur hlutskipti barna sinna. Síðar um kvöldið getur hann ekki sofnað því að hugmyndin gagntekur hann svo að hann verður að festa hana á blað.⁶⁶

Reynslan opinberar fyrir Slater þau sannindi að andi guðs leiði fólk í pílagrímsferðir til sérkennilegra staða, sem margir hverjir séu ekki heilagir á hefðbundinn hátt.⁶⁷ Hann vitnar í arkitektinn Daniel Libeskind sem segir að í hverju samfélagi sé sterk þörf fyrir að koma helgimyndum fyrir í fyrirframskilgreindum rýmum og að þær gegni því hlutverki að vera áþreifanlegar formgerðir lifandi minninga. Biðstofan á Bologna-brautarstöðinni sé einmitt slíkur staður, svæði sem tengi saman almennt nytjarými og minnisvarða á áhrifamikinn hátt. Heilagleiki biðstofunnar hefur líklega ekki almenna skírskotun. Hann vaknar fyrst og fremst í huga þeirra sem halda þangað til þess að minnast atburðanna ægilegu sem áttu sér stað í ágúst 1980.⁶⁸

Hugleiðing Slaters um ákafa og merkingarríka upplifun í veraldlegu rými, upplifun sem tengist sjálfsmynd og veki upp tilfinningu fyrir guðlegum tilgangi og fyrirætlan, hentar vel til þess að greina þá drifkrafta sem einkenna pílagrímsför Lori Smith. Hún heldur á vit fortíðarinnar, á slóðir skáldkonu sem var uppi á átjándu og níttjándu öld. Líkt og Slater leitar hún hins ljóðræna á stöðum sem hafa ríka merkingu í huga hennar og upplifunin eykur skilninginn á því sem skiptir hana máli í lífinu. Bakgrunnur Smith vegur hér þungt en hugmyndir hennar um skáldkonuna eru mótaðar af persónulegri reynslu og tilraunum til þess að draga fram skyldleikann við Austen, eins og sást svo skýrt í spurningunum fyrir leshringina um tengsl Austen og Smith sem þegar hefur verið minnst á. Með slíkar forsendur að leiðarljósi þarf lesandann ekki að undra að Smith verði ástfangin á ferðalagi sínu þótt ekkert verði úr sambandinu við Jack.

Smith sér ýmsar aðrar hliðstæður með sér og Austen. Í kaflanum „On Beauty“ heimsækir hún The National Portrait Gallery í Lundúnum sem geymir fræga mynd Cassöndru af Austen. Smith segir Jane ekki hafa verið fallega og ber sitt eigið útlit saman við myndina. Hlutföllin í andliti Smith eru skökk og mynda ekki aðlaðandi heild, rétt eins og er raunin með Austen, ef marka má teikninguna af henni.⁶⁹ Að sama skapi finnur Smith fyrir skyldleika með Austen í veikindum sínum. Dularfullur sjúkdómur dró Austen smám saman til dauða og Smith veit að hún gengur ekki heil til skógar vegna þess að hún er alltaf þreytt og til þess að taka þátt í lífinu gengur hún á varabirgðirnar uns ekkert er eftir.⁷⁰ Í viðtali í

⁶⁵ Terry R. Slater, „Encountering God: Personal Reflections on ‘Geographer as Pilgrim’“, bls. 247–248.

⁶⁶ Sama rit, bls. 249.

⁶⁷ Sama rit, bls. 248.

⁶⁸ Sama rit, bls. 251.

⁶⁹ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 124–125.

⁷⁰ Lori Smith tekst ítrekað á við þrekleysið í lýsingum sínum. Sjá t.d. *A Walk with Jane Austen*, bls. 59, 176 og 196.

tímaritinu *Jane Austen's World* eftir útgáfu *The Jane Austen Guide to Life* viðurkennir Smith að þessi samsvörun hafi verið henni ofarlega í huga en það var ekki fyrr en rúmlega hálfu ári eftir að hún snýr aftur til Bandaríkjanna að hún fær loksins rétta sjúkdómsgreiningu: „Hennar eigin ferð í gegnum langvarandi og dularfullan sjúkdóm snerti mig, en ég hef sjálf þurft að lifa með ólæknandi Lyme-sjúkdóm í meira en áratug.“⁷¹

En það er ekki síst í hinni trúarlegu umræðu sem Lori Smith reynir að draga fram tengslin milli sín og Jane Austen. Íhaldssamur trúarbakgrunnur Smith veldur því að þótt tvö hundruð ár skilji þær í sundur getur hún auðveldlega sett sig í spor kvennanna í sögum Austen, sem áttu sér ekki starfsframa og voru algjörlega háðar körlunum í lífi sínu. Í evangelískum hreintrúarhreyfingum samtímans skilgreinir hjónabandið konuna en hlutverk hennar sem eiginkonu og móður er enn í fyrirrúmi. Konurnar stunda ekki kynlíf fyrir hjónaband og körlunum er ætlað að leiða í sambandinu.⁷² Sömuleiðis er krafan rík um að maður giftist. Þessa skyldu reynist Smith einmitt svo erfitt að uppfylla þó að hún þrái fátt heitar en að finna rétta makann. Hún spyr sig líka ítrekað hvers vegna ást guðs sé svona hörkuleg og erfið, þó að hún leiti einnig til hans og biðji hann um að græða líkama sinn og hughreysta hjarta sitt.⁷³

Söfnuðir tengdir vakningakristindómi (e. *evangelicalism*) í Bandaríkjunum leggja mikla áherslu á eftirsókn eftir hamingju og áherslu á hið jákvæða í tilverunni. Allt annað verður að breiða yfir með brosi; tilfinningar sem leiða ekki til hamingju eru litnar hornauga og taldar hættulegar.⁷⁴ Í kaflanum brýst fram reiði Smith í garð trúarsamfélagsins sem hún ólst upp í en hana má víða sjá í ferðasöggunni ásamt glímu hennar við guð. Í Bath birtist þessi togstreita skýrt í bænnum hennar en hún á erfitt með að heimfæra gæsku guðs upp á almennar skilgreiningar á góðmennsku. Hún er líka eins og svo oft áður úrvinda, hún vill ekki lengur ferðast ein og þráir samneyti við einhvern. Hún les sams konar örvæntingu úr eftirfarandi bæn Jane Austen og telur að skáldkonan hafi trúað á dutlungafullan guð og að velvild hans hafi verið takmörkunum háð: „Okkur finnst við vera blessuð umfram það sem við eigum skilið, og þó að við getum ekki stíllt okkur um að biðja fyrir frekari náð vitum við hversu óverðug við erum og biðjum þig því að fyrirgefa hversu ósvífin við erum í löngunum okkar.“⁷⁵ Á þessu augnabliki sveiflast Smith í hina áttina. Hún finnur fyrir nærveru guðs og lýsir því yfir að hún hafi ítrekað upplifað náð og kærleika í ferðinni. Rétt eins og Austen langar hana til þess að biðja: „Ég á þetta ekki skilið en vertu svo vænn að gefa mér meira.“⁷⁶ Við erum minnt á það hvernig upplifun einstaklingsins á nærveru guðs er tímabundin og tengd

⁷¹ „Lori Smith, Author of *The Jane Austen Guide to Life*“, *Jane Austen's World*:

<http://janeaustensworld.wordpress.com/2012/05/19/lori-smith-author-of-the-jane-austen-guide-to-life-an-interview/> [sótt 12. mars 2013]: „And as someone who has lived with chronic Lyme disease for more than a decade, her own journey through a lengthy and mysterious disease touched me.“ Bakterían *Borrelia burgdorferi* veldur sjúkdóminum borreliósu eða Lyme-sjúkdómi í mönnum. Hún berst í menn eftir bit skógarmítls (*Ixodes ricinus* í Evrópu, *Ixodes scapularis* og *pacificus* í Bandaríkjunum). Sjá t.d. upplýsingar á heimasíðu landlæknis: <http://www.landlæknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12471/Borreliosa---Lyme-sjukdomur> [sótt 12. apríl 2013].

⁷² Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 185–186.

⁷³ Sama rit, bls. 79 og 75.

⁷⁴ Sama rit, bls. 159–160. Hér má jafnframt minna á bók Barböru Ehrenreich, *Bright-Sided: How the Relentless Promotion of Positive Thinking Has Undermined America* (New York: Metropolitan Books, 2009) en kenningar hennar um áhrif trúarlegrar innrætingar á jákvæða hugsun (e. *positive thinking*) eru stuttlega ræddar í níunda kafla.

⁷⁵ Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 176: „We feel that we have been blessed far beyond any thing that we have deserved; and though we cannot but pray for a continuance of all these mercies, we acknowledge our unworthiness of them and implore thee to pardon the presumption of our desires“. Smith vitnar hér í bæn sem má finna í Jane Austen, *Catharine and Other Writings*, ritstj. Margaret Anne Doody og Douglas Murray, New York: Oxford University Press, 1998, bls. 249–250.

⁷⁶ Sama rit, bls. 177: „I don't deserve this, but please give me more.“

ákveðnum stöðum í túlkun Slaters, hvernig upplifunin setur mark sitt á sjálfsmynd einstaklingsins og hugmyndir hans um eigin verðleika.

Það er ekki síst þetta sem leit Lori Smith að tilgangi hefur snúist um. Þegar þrekleysið segir til sín virðist guð víðs fjarri þótt tengslin við Austen vaxi að sama skapi. En svo endurheimtir hún aftur tilfinninguna fyrir mildi guðs með reglulegu millibili, eins og sést þegar hún situr á tjarnarbakka í sólskini undir víðitré við Alton-klaustur: „Mér fannst eins og Guð væri að biðja mig um að trúa aftur á raunverulega góðmennsku sína, á getu sína og þrá til að gefa mér ekki aðeins það sem er gott fyrir mig, heldur einnig það sem lætur mér líða vel“.⁷⁷

Jane Austen verður í huga Smith að mikilvægri fyrirmynd því að báðar eru einhleypir rithöfundar sem leggja áherslu á kristið siðferði. Trú Austen „kemur á mildan hátt fram í sögum hennar“, segir Lori.⁷⁸ Ekkert bendi til þess að hún hafi fundið fyrir trúarlegum kvíða. Kannski hafi trúin verið hluti af lífi hennar án efasemda eða spurninga en hún hafi birst í því hvernig hún lifði og kom fram við aðra,⁷⁹ ekki síður en í persónusköpun hennar og siðferði bóka hennar. Jafnvel Emma er hér ekki undanskilin. Þegar Smith heldur til Box Hill, en hæðina er að finna í nágrenni Lundúna, lýsir hún atburðinum alræmda, þegar Emma niðurlægir ungfrú Bates. Emma er snupruð af herra Knightley fyrir kaldlyndi og verður í kjölfarið að horfast í augu við eigin galla en það er mikilsverð dyggð í verkum Austen og undanfari breytinga. Rétt eins og Deresiewicz, trúir Smith því að sérhver bók taki á ákveðnum veikleika sem mikilvægt sé að leysa úr⁸⁰ og hún veltir því fyrir sér hvort Austen sé að lýsa eigin annmörkum, tengslin milli hennar og grimmilegrar orðheppni Emmu séu ágætis dæmi um slíkar hliðstæður.

Nókkur mánuður eftir heimkomuna til Bandaríkjanna ágerast veikindi Smith, þreytan heltekur hana, hún getur ekki sofnið og nær aðeins að vinna fáeina tíma á dag. Þegar hún loks greinist með Lyme-sjúkdóminn fer hún í meðferð og getur ekkert gert í margar vikur. Henni finnst hún lifa í skugga dauðans og hana langar ekki til að halda áfram. Það er á þessari myrkustu stundu lífsins sem gæska og náð guðs fara að renna saman við mikilvægi Jane Austen í lífi Smith:

Ég er ekki og hef aldrei verið yfirgefin. Og það er einmitt um þetta sem gönguferð mín með Jane snerist, vegna þess að Jane kenndi mér eitthvað um gildi venjulegs lífs – hluti sem ég er ekki viss um að ég hafi skilið áður en mér varð það ókleift að gera venjulega hluti. Hún vildi ekki verða fræg. Hún hafði áhuga á að elska fjölskylduna sína og vinina, að lifa í samræmi við trú sína fremur en að ræða hana, að koma góðu til leiðar og segja góðar sögur. [...] Og á meðan Jane var – er – stór, trúði hún því aldrei að það skipti máli að vera stór.⁸¹

Lori Smith, rétt eins og Deresiewicz, lærir að meta hið smáa og hún setur nýfengna reynslu sína, líkt og hann, í trúarlegt eða heimspekilegt samhengi. Þessi skilningur losar hana undan

⁷⁷ Sama rit, bls. 79: „I felt like God was asking me to believe once again in his actual goodness, in his ability and desire to give me things that not only are good for me, but will feel good as well.“

⁷⁸ Sama rit, bls. 11: „I am curious about her faith, which evidences itself in a gentle way in her writing.“

⁷⁹ Sama rit, bls. 25: „Perhaps her faith was just an accepted part of her life, as steady and unquestioned as the Hampshire seasons. She seems to have judged her own Christian life the way she evaluated those around her—not by what she felt about God, but by how she lived, how she treated others.“

⁸⁰ Sama rit, bls. 117: „The pattern is repeated in almost all of Austen’s books—not exactly, but in some way each book is about a failing, the characters are confronted with their own faults, and for Austen the greatest good is being willing to recognize these faults and change.“

⁸¹ Sama rit, bls. 216: „I wasn’t and am not forsaken. And this is where my walk with Jane comes in again, because Jane taught me something about the value of an ordinary life—things I’m not sure I could understand before I was stripped of being able to do the ordinary. She did not want to be famous. She wanted to love her family and her friends, to live her faith rather than talk about it, to do good work and tell good stories. [...] And while Jane was—is—big, she never believed that being big was important.“ Lori Smith tekur þennan þráð aftur upp í sjálfshjálparritu sínu, *The Jane Austen Guide to Life*, bls. 158–159.

þunga tilveru sinnar, guð elskar hana ekki vegna afreka hennar eða þess sem hún mun gera eða hefur gert. Hann elskar hana einfaldlega. Í því felst undrið og náð almættisins.⁸² Smith er ekki orðin heilbrigð þegar sögunni lýkur en hún er farin að geta hlegið að tilvistinni á nýjan leik.

Í *A Walk with Jane Austen* heldur Lori Smith út á veginn í von um að ferðalagið leiði hana til nýs lífs. Þó að ferðin hafi ekki þau skýru línulegu einkenni sem hefðbundnar hetjusögur búa yfir, heldur sé brotakennd og gangi út á að endurheimta sambandið við guð og samfélagið sem Smith er hluti af, fremur en að treysta einstaklingseðlið, er hún sannarlega vegferðarsaga þar sem lögð er áhersla á kvenleg og trúarleg gildi. Þessi gildi leiða ekki til eins skýrrar niðurstöðu og hjá hetjunni, sem hefur gjarnan unnið sigur þegar hún kemst á leiðarenda, enda eru markmiðin hjá Smith kannski óræðari, þótt makaleitin sé þar vissulega þáttur. Leit hins kristna pílagríms varir lífið á enda, er sífelld náðarleit, rétt eins og frásagnir kvennanna, sem Ray og McFadden gerðu að umræðuefni, hverfðust um þrána til að mynda sambönd og treysta þau. Slíkum áfanga er aldrei að fullu náð, þótt ferðalagið geti vissulega fært einstaklinginn nær hinu eftirsóknarverða takmarki. Smith sér í verkum Austen flóttaleið inn í annan og ákjósanlegri heim⁸³ og með því að halda beinlínis á slóðir skáldkonunnar vonast hún til þess að fanga þessi gildi á varanlegri hátt og gera þau að sínum: „Ég hef þegar byrjað að endurskapa líf mitt og þessi ferð er hluti af því.“⁸⁴

Eitt af einkennum þeirra bóka sem ég hef hér gert að umræðuefni er að þær snúast um miðlunarvald Austen, hæfileika hennar til þess að leiða einstaklinga saman og vekja þá til vitundar um allt það sem skiptir máli í lífinu, gildi hins einfalda lífs, vináttu, ástar og trúar. Lori Smith lærir að guð elskar hana fyrir það sem hún er, en ekki fyrir það sem hún gerir, en Austen kennir William Deresiewicz hins vegar að búa sig undir vináttuna og ástina. Svipaða hugmynd má greina í skáldsögu Karenar Joy Fowler, *Jane Austen lesbringnum*, þar sem hópur einstaklinga hittist einu sinni í mánuði til þess að ræða sögur Austen en lokasannindin sem þau draga af lestri bókanna eru einföld en svo djúp að þau eru endurtekin tvisvar: „*Sú iðja að læra að elska er allt sem þarf*. Þarna kom það.“⁸⁵

Jane-istarnir horfa til Austen í leit að svörum við stórum sem smáum spurningum tilverunnar, rétt eins og hún sé hofgyðja eða ædsti prestur í sértrúarsöfnuði. Visku hennar er ekki aðeins deilt í formi sjálfshjálparrita, fylgjendur hennar koma saman og mynda hópa sem er ætlað að draga sameiginlegan lærdóm af boðskap þeim sem finna má í bókum hennar. Þetta má meðal annars sjá af því að gjarnan er gert ráð fyrir því að bækurnar sem snúast um Austen séu lesnar í leshringjum, þeim er ætlað að skapa tengsl, ekki á að neyta þeirra í einrúmi. William Deresiewicz lýsir með eftirminnilegum hætti tilfinningunni sem felst í því að tilheyra þessum útvalda hópi lesenda í *A Jane Austen Education*: „En ef þú elskaðir hana – ef þú „náðir“ henni – þá leið þér eins og þú tilheyrðir leynireglu með sínu

⁸² Sama rit, bls. 216: „It didn't matter if I could never write again, if I could never work again. God does not love me because of anything I can do; this still astonishes me. He simply loves me. Sitting on the couch or sobbing or staring vegetatively at the TV. All my life I've been taught to rely on the grace of God, and yet in practice I've tried to earn his love, and my own significance, by running and doing. So it has been a measure of grace to not be able to run any longer, to simply be forced to ... be.“

⁸³ Smith segir strax í upphafi bókar sinnar: „To me, Jane Austen's books (and the movies based on them) have become the entertainment equivalent of comfort food, what I return to over and over again when I need a break from the real world, when I need to retreat“. Sjá Lori Smith, *A Walk with Jane Austen*, bls. 3.

⁸⁴ Sama rit, bls. 12: „I have already begun to reinvent my life, and this trip is part of that.“

⁸⁵ Karen Joy Fowler, *Jane Austen lesbringurinn*, Eva Hrönn Stefánsdóttir og Ólvir Gíslason þýddu, Reykjavík: Stílbrot, 2007, bls. 222. Sjá einnig *The Jane Austen Book Club*, New York: G.P. Putnam's Sons, 2004, bls. 250: „*The mere habit of learning to love is the thing*. There.“

eigin táknmáli og sérstöku merkjum og vígslustigum. Sannfæringin var „eins brennandi og trú“, svo að vísað sé í orð eins höfundar.“⁸⁶

⁸⁶ William Deresiewicz, *A Jane Austen Education*, bls. 19: „But if you loved her—if you “got” her—you felt like you’d joined a secret club, with its own code words and special signs and degrees of initiation. It was a creed, in the words of one writer, “as ardent as a religion.”“